

Reglur um takmarkanir við flugumferð um Selfossflugvöll

Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um takmarkanir við flugumferð um Selfossflugvöll

1. gr.

Næturtakmarkanir: Á milli 23:00 og 07:00 eru flugtök og landingar bannaðar. Heimilt er að víkja frá þessu í neyðartilvikum og skal það skráð sérstaklega.

2. gr.

Takmarkanir á snertilendingum: Snertilendingar eru einungis leyfðar virka daga frá 07:00 til 18:00.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 9. gr. reglugerðar um hávaða nr. 933/1999, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 478/2003 og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarráði Árborgar 15. nóvember 2007.

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri.